



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008 - DMR26060153
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	29. júní 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Áformað er að gera breytingar á lögum um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Breytingunum er ætlað að skerpa á heimildum Neyðarlínunnar til vinnslu og miðlunar á upplýsingum sem þeim berast og þá sérstaklega viðkvæmum persónuupplýsingum til að taka af vafa um hvaða upplýsingum þeim er heimilt að miðla og til hverra. Þá er breytingunum ætlað að skýra hlutverk Neyðarlínunnar betur en núgildandi lög kveða á um. Með breytingunum verður verklag skýrara og hnitmiðaðra frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi í för með sér aukin útgjöld en starfsemi Neyðarlínunnar er fjármagnaður með þjónustusamningi við ríkissjóð.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er búist við breytingum á tekjuhlið ríkissjóðs verði fyrirhugað frumvarp lögfest.

3. Útgjaldabreytingar.

Sjá tölulið nr. 1 hér að framan.

4. Eignabreytingar.

Engar eignabreytingar munu eiga sér stað verði áformað frumvarp lögfest

5. Aðrir áhrifabættir varðandi ríkisfjármál.

Ekki er búist við frekari áhrifum á ríkisfjármál en þau sem eru talin upp í tölulið 1. hér að framan.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Ekki er gert ráð fyrir að áformaðar breytingar á lögum um neyðarsvörun hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Sjá lið nr. 1. hér að framan.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni
Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað eða samkeppni.
D. Önnur áhrif
1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Áformaðar lagabreytingar hafa ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi). Áformað frumvarp hefur ekki áhrif á frelsi til að veita þjónustu á Ísland. 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000. Áformað frumvarp hefur ekki áhrif á tæknilegar reglur um fjarþjónustu og reglugerð um vörur. 4. Áhrif á byggðalög. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á. 5. Áhrif á frjáls félagasamtök. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna. Vandséð er á þessu stigi að þær breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér muni hafa áhrif á jafnrétti kynjanna. 7. Áhrif á lýðheilsu. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á. 8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á. 9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á. 10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni. Gert er ráð fyrir að áformað frumvarp leiði til einföldunar og aukinnar skilvirkni stjórnsýslunnar. 11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á. 12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun. Áformað frumvarp er ekki talið hafa áhrif hér á.
E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á
1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag. Áformað er að gera breytingar á lögum um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Breytingarnar felast helst í að settar verði styrkari lagastöðir undir heimildir Neyðarlínunnar til vinnslu og miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga. Einnig er stefnt að því að skýra hlutverk Neyðarlínunnar betur en gert er í gildandi lögum. Með breytingunum verður verklag skýrara og hnitmiðaðra en nú er. Ekki er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en starfsemi Neyðarlínunnar er fjármögnuð með þjónustusamningi við ríkissjóð.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?